

---

Berist.: Atvinnuveganefnd Alþingis, Hildi Edwald

---

Dags.: 30. mars 2022

---

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um eignarhald í laxeldi

---

Virðulegu nefndarmenn,

Umsögn undirritaðs byggir á menntun reynslu og þekkingu á sviði eldisstarfsemi en undirritaður hefur stofnað og starfrækt fyrirtæki í ýmsum eldisafurðum (m.a. Arctic Fish hf. á Vestfjörðum) og vinnslu- sem og markaðssetningar eldisafurða (Novo ehf. með starfsemi á Íslandi og Frakklandi).

Að mínu mati í stuttu máli þá ganga þessar hugmyndir þvert á almenna uppbyggingu fiskeldis, burt séð frá hver sé heimilisfesti fjárfesta. Tel að hér sé um að ræða tillögu sem er brot á EES-samningi sem gæti falið í sér mögulega skaðabótaskyldu. Tillagan að mínu mati sem slík skaðleg fyrir ímynd Íslands og uppbyggingar eldisstarfsemi hér á landi. Að lokum og það sem mér stenst næst get ekki séð að þessar tillögur séu til hagsbóta fyrir uppbyggingu atvinnu- og byggðar samfélaga á landsbyggðinni.

Undirritaður starfar í dag við fræðslu- og stuðning við nýsköpunarverkefni tengdri eldisstarfsemi á Íslandi (sjá [www.lax-inn.is](http://www.lax-inn.is)). Ef það er vilji Atvinnuveganefndar og/eða starfshóps vegna tillögu um eignarhald í laxeldi þá getur undirritaður veitt frekari upplýsingar eða ráðgjöf á þessu sviði.

Frekari greinagerð umsagnar fylgir á næstu síðum.

Kveðja,  
Sigurður Pétursson (Siggi P.)  
Netfang: [sp@lax-inn.is](mailto:sp@lax-inn.is)  
GSM: 777 3123

### A. Samþjöppun eldisleyfa og dreifing eignarhalds

Ísland er aðili að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem og þeirrar stefnu sem sett hefur verið hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) um eflingu sjálfbærrar matvælaframleiðslu með fiskeldi. Það hefur ekki orðið aukning á lönduðum afla til manneldis úr veiðum á villtum stofnum síðan 1990 á heimsvísu. Aukningin sem kennd hefur við Bláu Byltinguna (e. Blue Revolution) hefur komið úr eldi og magnið fór (skv. FAO) fram úr villtum afla fyrir tveimur árum síðan. Aukning sjálfbærrar matvælaframleiðslu úr þessum hluta jarðar sem spannar 2/3 hluta hennar og skilaði innan við 3% af matvælaframleiðslu heims á síðasta ári (FAO) mun koma frá eldisstarfsemi. Ísland með sína náttúruauðlindir hreinan og heilnæman sjó og möguleika á landi til eldis með grænni raforku og jarðvarma er einstakt á heimsvísu. Á síðasta ári var hlutfall eldisafurða rúm 12% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða til samanburðar þá var í Noregi hlutfallið 70% eldisafurðir (67% lax og 3% silungur).


Eitt er sammerkt með „Bláu Byltingunni“ á heimsvísu og það er samþjöppun eldisleyfa á færri fyrirtæki sem kemur fyrst og fremst vegna eðli þessarar starfsemi þ.e.a.s. að gæta að heilbrigði eldissvæða sem og almennt stærðarhagkvæmni.

Vísað er í greinagerðinni til Færeyja en vantar mikilvægar upplýsingar varðandi hver sé einn af lykilmáttum þess að Færeyingar séu heimsmeistarar í laxeldi (besti vöxturinn sem og afkoman). Þeir náðu á síðasta ári í samfelldum vexti síðan 2006 mestu framleiðslu frá upphafi (95 þ. tonn eða um helmingi meira en var framleitt á Íslandi).

### Harvest of farmed fish 1987-2021

x1000 tonnes gutted weight

AVRIK  
Benchmarking



Mynd 1. Uppbygging laxeldis í Færeyjum frá fræðlsuráðstefnu Lax-Inn í Hörpunni 16. mars. sl frá erindi Rúni Dam hjá Avrik Benchmarking.

Líkt og meðfylgjandi mynd sýnir þá hefur laxeldið í Færeyjum ekki verið byggt upp án áfalla. Í upphafi þegar laxeldi í sjó var að hefjast fjölgaði fyrirtækjum í geiranum mjög ört og urðu flest 68 fyrirtæki (1995) flest með lítill eldisleyfi. Það náðist ekki samstaða milli félaga um

uppbyggingu, smitvarnir og fleiri hluti þannig að fyrirtækjunum fækkaði sem og sáu margir sér hag í að sameinast og voru helmingi færri þegar næsta áfall (veirusýking) leiddi til hruns á tímabilinu 2004-2006. Þá varð algjör uppstokkun á uppbyggingu eldisins þar að kröfu eldisfyrirtækjanna sjálfra og eftir stendur að uppvöxtur hófst aftur með samhæfðum aðgerðum, kynslóðaskiptingum, aðskilnaði eldissvæða og stærðarhagkvæmni þessarra þriggja félaga sem þar starfa í dag skiluðu met framleiðslu á síðasta ári.

Af hverju er þessi ályktun hér sett fram sem sem snýr að laxeldisleyfum? Af hverju ekki þá í öðrum greinum sem nýta sameiginlega auðlind þjóðarinnar? Af hverju ætti að setja sér reglur hér á landi varðandi þá þróun sem almennt á sér stað í fiskeldi í heiminum og hefur að hluta stutt undir uppbyggingu þessarar mikilvægu greinar í framleiðslu sjálfbærra umhverfissvænna matvæla?

Það er mín persónulega skoðun sem þá getur líka tengst hinum þættinum sem snýr að erlendu eignarhaldi að gerður sé greinarmunur á fjölda fyrirtækja og dreifingu eignarhalds. Nú ber svo við að þau þrjú fyrirtæki sem í dag stunda laxeldi í sjó eru öll skráð á hlutabréfamarkað. Þróunin í Færeyjum sýnir mikilvægi þess að í uppbyggingu sé gætt að kynslóðaskiptu eldi, sjúkdómavörnum og starfsaðferðum sem aðilar á viðkomandi eldissvæði þurfa að vinna saman að ef það eru fleiri fyrirtæki.

Fáar atvinnugreinar hafa í seinni tíð gert meira fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi í dreifðum byggðum landsins en laxeldi. Á síðasta áratug hefur fjöldi starfsmanna í fiskeldi þrefaldast og yfir 80% þeirra starfa eru á landsbyggðinni. Mér þykir því sæta furðu, svo ekki sé meira sagt, að þingmenn landsbyggðarinnar láti hafa sig út í að setja saman þingsályktunartexta eins og þennan. Tökum eftirfarandi setningu: "Flutningsmönnum þykir áriðandi að tryggt verði með lagasetningu að laxeldi á Íslandi verði ekki í eigu örfárra aðila, að fjölbreytni ríki í greininni og að eignarhald verði staðbundið." Hvað ef við settum hér í staðinn "sölu á matvælu", "bensín- og olíuverzlun", "bankastarfsemi", „sölu stangveiðileyfa“ eða aðra fákeppnisstarfsemi sem stjórnvald þola og styðja við hér á landi? Er það sennilegt eða fýsilegt? Af hverju er áriðandi að ráðast að þessari atvinnugrein, sem sannarlega hefur byggt upp byggðir landsins með atvinnutækifærum af fjölbreyttum toga, langt umfram allar ríkisstyrktu hugmyndir stjórnvalda hingað til?

## **B. Takmörkun eignarhalds erlendra aðila á laxeldisleyfum er brot á EES-samningnum**

Þurfum að gæta þess að íslenskt eldi er í samkeppni á alþjóðamarkaði þar sem innanlandsmarkaður er mjög lítill. Fiskeldi, eins og aðrar starfsgreinar hér á landi, starfa undir samkeppnislögum, sem ætlað er að tryggja virka samkeppni í viðskiptum. Jafnframt eru allar athafnir starfsgreinarinnar leyfisskyldar, á margháttuðum stigum stjórnsýslunnar. Engin þörf er að stilla þessari atvinnugrein sérstaklega frammi fyrir aftökusveit – taka hana eina út fyrir sviga og takmarka aðkomu fyrirtækja og fjármagns utan landsteinanna.

Í allar styðstu máli, þá ganga þessar hugmyndir klárlega í berhögg við skuldbindingar Íslands á grundvelli EES-samningsins. Hefði talið, þó ég sé ekki löglærður, að útilokað sé að teygja undanþágur frá honum, sem tengjast "fiskveiðum í efnahagslögsögunni" yfir á fiskeldi. Reikna með að Alþingismenn, sem margir eru löglærðir, séu upplýstir um skuldbindingar, réttindi og skyldur Íslands, að þessu leyti til, og séu þeir það ekki, að þeir gangi úr skugga um slíkar skuldbindingar, **áður** en Alþingi Íslendinga samþykki slíka þingsályktun.

Ef svo ólíklega vilji til að þessi þingsályktun verði samþykkt, hlýtur að teljast fullvíst að málinu verði vísað til Eftirlitsstofnunar EFTA, og farið fram á að stofnunin, án tafar, vindi ofan af þessum forneskjulegu áformum. Til upplýsingar eru Færeyjar hvorki í EES, né ESB og hafa allt aðrar heimildir til þess að þrengja að erlendu eignarhaldi - og öfugt, heldur en Ísland eða Noregur ef út í það er farið. Jafnframt veit ég ekki betur en að stjórnvöld geti orðið bótaskyld vegna athafna allra stjórnvalda sem fara í bága við skuldbindingar á grundvelli EES, ekki síst þegar bersýnilega er farið gegn skuldbindingum skv. EES. Hér undir eru klárlega athafnir og ákvarðanir Alþingis, bæði þingsályktanir sem löggjöf.

## Lokaorð

Án þátttöku erlendra aðila að uppbyggingu íslensks sjóeldis á laxi er ljóst að hún væri ekki á þeim stað að vera hlutfallslega mest vaxandi eldi á heimsvísu hér á landi í Atlantshafslaxi. Það væri fráleitt og að því best verður sé ólöglegt að setja sérreglur um erlent eignarhald á hvað þessa einu atvinnustarfsemi varðar.

Ísland hefur einstakt tækifæri á heimsvísu að verða leiðandi í umhverfisvænni sjálfbærri matvælaframleiðslu með eldi bæði í hafi sem og á landi. Gætum að því að varan okkar þó hún sé einstök er þó í samkeppni á heimsmarkaði, ímynd okkar og orðspor skipta þar máli. Fagna umræðu um dreifingu eignarhalds sem hægt er að stuðla að með frekari þátttöku íslenskra fjárfesta en varasamt að takmarka hagræðingu sem og smitvarnir sem almennt styðja við frekari vöxt fiskeldis.

Í öllu falli stuðlar þessi tillaga ekki að styrkingu á byggð og atvinnustarsemi og styrkingu samfélaga á landsbyggðinni – þvert á móti! Kemur verulega á óvart þar sem ég tel að Alþingi sem og þá sérstaklega fulltrúar landsbyggðarinnar eiga að gæta sérstaklega að þessum þætti.

Reykjavík 30. mars 2022

Virðingarfyllst,



Sigurður Pétursson

Stofnandi Lax-Inn fræðslu- og nýsköpunarmiðstöðvar